



Minnisblað – Flugvallarsvæðið á Siglufirði

Málsnúmer:	2112032	Dags:	11.12.2021	Fjöldi bls.	6
Viðtakandi:	Bæjarráð Fjallabyggðar				
Dreifing:	Þeir er málið varðar				
Samið af:	Elías Pétursson, bæjarstjóri				

Efni: Tillaga um þróun og nýtingu flugvallarsvæðisins til framtíðar

Af hálfu undirritaðs er hér með lagt til að Fjallabyggð auglýsi með almennum hætti eftir samstarfsaðila/um til að þróa Siglufjarðarflugvöll og svæðið í kringum völlinn, þ.e. flugbrautina, flughlað, mannvirki ásamt landsvæði við flugvöllinn, á þann hátt að svæðið geti orðið öflugt stoð undir atvinnulíf í sveitarfélaginu.

Forsenda þess að tillagan er lögð fram er sú að Ísavía afsalaði árið 2015 Fjallabyggð til fullrar eignar flugstöðvarbyggingu, tækjageymslu, flughlaði og flugbraut á Siglufjarðarflugvelli. Í dag er flugvöllurinn skráður sem lendingarstaður og hefur leyfi til þess að vera það allt til 24 júlí 2024, sbr. reglugerð nr. 464/2007. Að þeim tíma liðnum þarf að koma til endurnýjun leyfis vallarins. Að mati undirritaðs er mikilvægt að sú starfsemi sem ætlunin er að þróa á svæðinu taki mið af því að hægt verði að halda flugvöllum opnum á sömu forsendum og hann er á í dag þannig að hann geti a.m.k. verið áfram lendingarstaður.

Leiða má líkum að því að allnokkur verðmæti liggja í mannvirkjum sem er til staðar á flugvöllum á Siglufirði. Á hinn bóginn er nýting mannvirkja lítil sem engin og not sveitarfélagsins af þeim ekki fyrirsjáanleg. Mannvirkin og svæðið þar um kring er því hvorki að skapa atvinnu né skila tekjum inn í sveitarfélagið. Þau verðmæti sem eru til staðar gætu að mati undirritaðs, ef vel tekst til, orðið grunnur að öflugri atvinnustarfsemi. Þrátt fyrir framangreint er það mat undirritaðs að það sé ekki endilega hlutverk sveitarfélaga að vera í forsvari fyrir þróun og fjármögnun verkefna af því tagi sem hér er lagt til að verði kannað, enda gæti verið um talsverða fjárhagslega áhættu að ræða sem er ekki eðlilegt að sveitarfélagið taki. Á hinn bóginn er ólíklegt að nokkur starfsemi fari af stað á svæðinu án þess að sveitarfélagið komi að með einhverjum hætti og veiti gott aðgangi að þeim gæðum sem þar er að finna yfir tiltekið tímabil. Á þann hátt myndi sveitarfélagið taka þátt í því að þróa svæðið áfram í samstarfi við aðra aðila. Það má enn fremur leiða góðum líkum að því að það sé mun líklegra til árangurs að verkefni af þeim toga sem hér um ræðir skili varanlegum árangri ef það byggir á frumkvæði og áræðni dugmikilla og hugmyndaríkra aðila þó hugmyndin sé sú að það verði alltaf samstarfsaðili þess sem fær það verkefni að þróa svæðið áfram.

Í því skyni að kanna hvort áhugi sé til staðar meðal einstaklinga og/eða lögaðila um að koma að þróun svæðisins til lengri tíma, á þeim forsendum sem hér er lagt upp með í samstarfi við sveitarfélagið, er það hugmynd undirritaðs að látið verði á það reyna með því að auglýsa eftir samstarfsaðila/-um.



Af þeim sökum telur undirritaður rétt að bæjarráð samþykki á fundi sínum eftirfarandi tillögu um að undirrituðum verði heimilað að auglýsa eftir áhugasömum aðilum sem vilja koma að þróun svæðisins í samstarfi við sveitarfélagið til lengri tíma..

Tillaga bæjarstjóra um sjálfstætt þróunarverkefni, lögð fram á 724. fundi bæjarráðs.

Lagt er til að bæjarstjóra verði heimilað að auglýsa fyrir hönd sveitarfélagsins eftir samstarfsaðilum til að þróa hugmyndir um nýtingu flugvallarsvæðisins á Siglufirði með það að leiðarljósi að þar geti orðið til öflug atvinnustarfsemi til framtíðar. Í auglýsingu skal áhugasömum gefinn tiltekinn frestur til að koma fram með sínar hugmyndir, auk ítarlegrar lýsingar á efni þeirra og enn fremur hvernig þeir vilja þróa hugmyndirnar áfram. Þá skulu fylgja með lýsingu á hugmynd gögn um samstarfsaðila, lausleg kostnaðaráætlun og fjármögnun auk tímasetninga varðandi það hvenær þeir telji að atvinnustarfsemi sú sem stefnt er að gæti verið komin á þann stað sem hér er lagt upp með.

Að öðru leyti er bæjarstjóra falið að kveða nánar á um efni auglýsingar og ákveða þau skilyrði sem skuli setja fyrir mögulegri þátttöku. Tillögur og/eða hugmyndir sem kunna berast verða lagðar fyrir bæjarráð sem tekur ákvörðun um frekari meðferð þeirra og afgreiðslu.

Að mati bæjarstjóra gæti verið rétt að sérstökum hópi fagaðila yrði falið að rannsaka og fjalla frekar um tillögur sem bærust og ræða við þá aðila sem þær bera fram, áður en endanlegar ákvarðanir verða teknar um mögulegt samstarf og þróun svæðisins.

virðingarfyllt

bæjarstjóri

Fylgiskjöl.

1. Afsal vegna bygginga - Ríkissjóður – Fjallabyggð
2. Yfirlýsing - um skil á spildu úr landi Siglufjarðarkaupstaðar (nú Fjallabyggð) til afnota undir flugvöll
3. Skráningleyfi lendingarstaðar Siglufjarðarflugvöll 2020